

GJALDSKRÁ

fyrir akstursþjónustu fyrir fatlað fólk í Múlaþingi.

1. gr.

Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk er gjaldfrjáls frá kl. 8–16.30 alla virka daga innan þéttbýliskjarna Múlaþings.

2. gr.

Varðandi akstur sem er samþykktur á grundvelli 4. mgr. 7. gr. reglna Múlaþings um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk er greitt á eftirfarandi hátt:

Í dreifbýli og á milli þéttbýliskjarna er gjald fyrir hverja ferð kr. 342.

Varðandi sérstaka samninga sem félagsþjónustan gerir vegna ferðaþjónustu við einstaklinga er tekið mið af útreikningum FÍB, sjá [rekstur-bifreida-januar-2025-bensin-og-rafbilar.pdf](#). Samkvæmt þeirra viðmiðunum eru greiddar 94,01 kr. á hvern ekinn km (flokkur A, B, C, D og E 1. lið).

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt í sveitarstjórn Múlaþings 15. desember 2025 er sett með stoð í 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir akstursþjónustu fyrir fatlað fólk í Múlaþingi, nr. 1626/2024.

Múlaþingi, 16. desember 2025.

Dagmar Ýr Stefánsdóttir sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 7. janúar 2026